

Alþingi Íslands
Austurvelli 8-10
150 Reykjavík

Hveragerði, 26. október 2023
2310075

Efni: Til umsagnar 315 mál frá nefndar og greiningarsviði Alþingis

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar, sem haldinn var 25.10.2023, var ofangreint tekið til umfjöllunar;

„Í bréfinu óskar Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál.“

Eftirfarandi var fært til bókar;

„Bæjarráð lýsir yfir ánægju með framkomna þingsályktunartillögu frá innviðaráðherra um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 og fagnar jafnframt þeim framkvæmdum sem nú þegar hafa farið fram í Suðurlandsvegi.

Samgöngur hafa mjög mikil áhrif á daglegt líf fólks og eru lykilþáttur í allri þjóðfélagsþróun til framtíðar. Markmiðið er að þjónustan endurspegli þarfir samfélagsins hverju sinni með tilliti til búsetu og atvinnuhátta.

Bæjarráð lýsir yfir sérstakri ánægju með liði 2.2. og 5.7. úr þingsályktunartillögunni. Báðir þessir liðir eru mjög mikilvægir fyrir þá bæjarbúa Hveragerðis sem sækja vinnu og/eða ýmsa þjónustu til höfuðborgarinnar.

2.2. Fylgdarakstur með snjóruðningstækjum. Mótaðar verði verklagsreglur um fylgdarakstur með snjóruðningstækjum.

5.7. Endurskoðun á vinnureglum vetrarþjónustu. Unnið verði að yfirferð á gildandi vinnureglum í vetrarþjónustu á þjóðvegum landsins. Við tillögugerð verði vegir skoðaðir eftir tegund, umferðarmagni og öðrum hagsmunum vegna flutningsleiða, atvinnusvæða, skólaaksturs, ferðaþjónustu o.s.frv. Unnið verði í samstarfi við fulltrúa sveitarfélaga, atvinnulífs og annarra hagsmunaaðila.

Bæjarráð ítrekar þó fyrri bókun sína sem gerð var á bæjarráðsfundi 4. júlí 2023.

"Í drögum að samgönguáætlun 2024-2038 er gert ráð fyrir að tilfærsla þjóðveggar 1 við Hveragerði úr núverandi vegstæði, vegkaflinn „Varmá - Kambar“, hefur aftur verið seinkað og nú um þrjú ár.

Hveragerðisbær vill benda á að það var á sínum tíma Vegagerðin sem fór fram á þessa framkvæmd og þrýsti á sveitarfélagið að gera breytingu á aðalskipulagi bæjarins eins og fram kemur í meðfylgjandi skýrslu. Allt skipulag Hveragerðisbæjar hefur verið aðlagð að tilfærslu þjóðveggarins og öll vinna tekið mið af því að þjóðvegurinn yrði færður í síðasta lagi árið 2024. Óvissa um tilfærslu á þjóðveginum hefur því hamlandi áhrif á byggðaþróun í Hveragerði og veldur auk þess lóðaskorti í ófyrirsjáanlegan tíma. Það er því mjög bagalegt að enn á ný hafi framkvæmdinni verið frestað. Benda má á að núverandi aðalskipulag bæjarins gerir ráð fyrir að hluti af núverandi hringvegi verði aðaltengivegur að Kambalandshverfinu en nú fer öll umferðin um Finnmörk. Sú gata ber ekki þessa miklu umferð í stækkandi hverfi. Þá er ljóst að út frá umferðaröryggissjónarmiðum og einnig skipulagslegum ástæðum, sérstaklega á svæðum sem liggja næst hringveginum, væri farsælast að þessi framkvæmd færi í gang sem fyrst. Nú er þegar hafin endurskoðun á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar og færsla þjóðveggarins lykilatriði við þá endurskoðun.

Hveragerðisbær átti fund með innviðaráðherra um þetta mál þann 28. júní 2023 þar sem afstaða sveitarfélagsins vegna tafa á færslu þjóðveggarins í samgönguáætlun kom fram. Á fundinum var lagt var fram minnisblað Guðmundar F. Baldurssonar, verkefnastjóra hjá Hveragerðisbæ og fyrrum skipulags- og byggingarfulltrúa bæjarins, þar sem rakin er saga þessa máls síðustu 17 ár og liggur minnisblaðið fyrir þessum fundi. Bæjarráð Hveragerðis tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í minnisblaðinu og að það sé „ekki óeðlileg krafa að Vegagerðin eða ríkissjóður komi verkinu í gang sem allra fyrst, í stað þess að draga það á langinn““

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Hveragerðisbæjar,



Röðull Reyf Kárasón

Þjónustufulltrúi
483 4000
hveragerdi.is